



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðherra,
Ásmundur Einar Daðason
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2024

Efni: Vegna biðlista eftir þjónustu við börn

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Löng bið eftir þjónustu við börn hefur verið viðvarandi vandamál til margra ára. Með það að markmiði að varpa ljósi á raunverulega stöðu barna hefur umboðsmaður barna, frá því í desember 2021, staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun um þann fjölda barna sem bíður eftir þjónustu hjá tilteknum aðilum, þar á meðal hjá Barna- og fjölskyldustofu og Ráðgjafar- og greiningarstöð sem heyra undir mennta- og barnamálaráðherra samkvæmt forsetaúrskurði nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Upplýsingarnar voru seinast birtar 26. febrúar sl. Þar kom m.a. fram að 565 börn biðu eftir þverfaglegri greiningu hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð í byrjun febrúar, meðalbiðtími var 20 mánuðir og 497 börn höfðu beðið lengur en þrjá mánuði. Þá beið 31 barn eftir þjónustu MST teymis, meðalbiðtími var 61 dagur og 8 börn höfðu beðið lengur en þrjá mánuði. Hjá Stuðlum biðu 7 börn eftir þjónustu meðferðardeildar og meðalbiðtími var 66 dagar. Að mati umboðsmanns barna er með öllu óviðunandi að börn þurfi að bíða jafn lengi og raun ber vitni.

Markmið laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er m.a. að skapa aðstæður til þess að hægt sé að bregðast fyrir við þörfum barna fyrir stuðning. Í greinargerð laganna er töluvert fjallað um mikilvægi snemmtæks stuðnings m.a. til þess að hægt sé að

fyrirbyggja að vandi barna verði umfangsmeiri. Það er ljóst að ef lög um samþætta þjónustu eiga að geta náð markmiðum er snúa að snemmtækum stuðningi þarf að koma í veg fyrir að langir biðlistar myndist eftir þjónustu, en það er nú þegar ein helsta fyrirstaða þess að börn fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda þegar þörf eftir stuðningi skapast.

Í ljósi framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir afstöðu mennta- og barnamálaráðherra til þess hvort tilgreindur biðtími barna samræmist þeim almennu viðmiðum sem embætti landlæknis hefur sett um bið eftir heilbrigðisþjónustu en samkvæmt þeim á skoðun hjá sérfræðingi að fara fram innan 30 daga frá því að beiðni er lögð fram og meðferð að fara fram innan 90 daga frá greiningu. Einnig óskar umboðsmaður eftir afstöðu ráðherra til þess hvort það samræmist lögum nr. 86/2021 að börn þurfi að bíða í marga mánuði eftir þjónustu. Að lokum óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um með hvaða hætti ráðherra hafi í hyggju að bregðast við þessari stöðu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna